

Atvinnuvegaráðuneyti
b.t. skrifstofu viðskipta og markaða
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 19. september 2025

Efni: Umsögn um áform um breytingu á samkeppnislögum

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um breytingu á samkeppnislögum (hér eftir „áformin“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 5. september sl. Með áformunum er áætlað að endurskoða ýmis atriði, m.a. hækkun á veltumörkum tilkynningarskyldra samruna. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

Líkt og kemur fram í áformunum var veltumörkum tilkynningarskyldra samruna síðasta breytt árið 2020. Í ágúst árið 2022, fyrir þremur árum síðan, skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um stjórnýsluúttekt á störfum Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „SE“) þar sem bent var á að endurskoða þyrfti veltumörkin reglulegar.¹ Ljóst er að núverandi veltumörk hafa dregist aftur úr annarri verðlagsþróun. Til skoðunar er hvort binda eigi veltumörk vísitölu svo ekki þurfi að uppfæra fjárhæðirnar reglulega með lagabreytingu.

FA telur þetta vera framfararskref og fagnar þessum breytingum. Mikilvægt er að styðja við náttúrulegt samkeppnisumhverfi hjá atvinnulífinu og geta of lágar fjárhæðir sem þessar sett hömlur á það. Þá er einnig mikilvægt að SE sé ekki að eltast við samruna sem ættu að vera undanskildir tilkynningarskyldu einungis vegna þess að lagabreytingar á fjárhæðum hafi ekki verið gerðar. SE er mikilvæg stofnun fyrir íslenskt atvinnulíf og sinnir veigamiklu hlutverki á samkeppnissviði. Með því að létta á verkefnum hjá SE, eins og fyrirhugað er með breytingunni, fær stofnunin meira ráðrúm að skoða önnur mál sem upp koma. FA hefur talið að of mikið af tíma Samkeppniseftirlitsins sé bundið í eftirliti með minni samrunum. Breytingin styrkir þ.a.l. samkeppniseftirlit og íslenskt atvinnulíf þar sem tilkynna þarf færri samruna og dregur þannig úr reglubyrði.

Einnig er tekið fram að með fyrirhuguðum breytingum er „að öðru leyti ætlað að auka skilvirkni [SE] og auðvelda stofnuninni að sinna verkefnum sínum.“ Ekki er fjallað nánar um í hverju það felst og telur FA því ótímabært að senda inn athugasemdir vegna þessa. Almennt talað styður FA eflingu Samkeppniseftirlitsins.

FA áskilur sér því rétt að koma athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

¹ Stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á störfum Samkeppniseftirlitsins, SE, 24. ágúst 2022,

<https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/stjornsysluuttektr-rikisendurskodunar-a-storfum-samkeppniseftirlitsins>

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur